

## 22. sveitarstjórnarfundur, aukafundur, Végarði 15.03 2019, kl. 16:30

---

Mætt voru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson. Jóhann F. Þórhallsson forfallaðist stuttu fyrir fund og því gafst ekki tími til að boða varamann.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar 08.03 2019
2. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030
3. Verkefnafrýsing Geitdalsvirkjunar, ósk um umsögn

#### 1. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar 08.03 2019

Fundargerðin er í fjórum liðum.

##### **Liður 1. Breyting á aðalskipulagi. Námur og efnistaka vegna Kröflulínu 3**

Byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti framsetta breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og vísar málinu til sveitarstjórnar til lokaafgreiðslu, í samræmi við grein 4.7. Afgreiðsla aðalskipulags í skipulagsreglugerð.

Aðrir liðir kynntir og fundargerð staðfest.

#### 2. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030-Ný efnistökusvæði

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps. Greinargerð, dags. 13. mars 2019 og uppdráttur dagsettur sama dag. Einnig lagðar fyrir umsagnir sem bárust frá umsagnaraðilum og tillaga að viðbrögðum við þeim.

Tillagan var auglýst frá 9. Janúar 2019 til og með 20. febrúar 2019 og bárust engar athugasemdir innan athugasemdafrests.

Umsagnir sem liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Landsneti, Landgræðslunni og Vegagerðinni.

*Umsagnir og viðbrögð :*

##### *1. Náttúrufræðistofnun, dags. 16. janúar 2019.*

*Ní gerir ekki athugasemd við tillöguna, að öðru leiti en því að stofnunin leggur mikla áherslu á að öllu raski vegna efnistökkunnar, ekki síst á grónu landi, verði haldið í lágmarki og að gengið verði frá öllum námusvæðum, þ.m.t. akstursleiðum, og þau mótuð að landslagi svæðisins. Ekki verði notaðar framandi tegundir við uppgræðslu.*

*Sveitarfélagið tekur undir athugasemd Ní og fram kemur í mótvægisáðgerðum að „svarðlag sem tekið er skal geymt og notað til uppgræðslu á efnistökkusvæðum og fláum efnistökkusvæða*

og slóða“. Eftirfarandi texta verður bætt við í kafla 4.1. um mótvægisáðgerðir. „Ekki verði notaðar framandi tegundir til uppgræðslu vegna frágangs á námum“.

## 2. Vegagerðin, dags. 1. febrúar 2019.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

## 3. Landsnet, dags. 4. febrúar 2019

Landsnet bendir á að í framkvæmdahluta nýlega samþykkrar Kerfisáætlunar 2018-2027 er fjallað um stöðu Kröflulínu 3 og áætlað að hefja framkvæmdir í lok árs 2018 og ljúka þeim árið 2020. Þar sem Kerfisáætlun 2018-2027 var ekki samþykkt af Orkustofnun fyrir en eftir að skipulagsbreyting Fljótsdalshrepps fór til kynningar, þarf væntanlega að gera grein fyrir framkvæmdinni samkvæmt gildandi kerfisáætlun í greinargerð skipulagstillögunnar.

Kafli 1.5 um tengsl við aðrar áætlanir hefur verið lagfærður og uppfærður m.t.t. upplýsinga sem koma fram í framkvæmdáætlun.

Gerð er athugasemd við töflur á bls. 11 þar sem Landsnet bendir á að heiti línunnar eftir breytingu á að vera KR3 en ekki FL4

Hefur verið lagfært.

## 4. Umhverfisstofnun, dags. 7. febrúar 2019

Umhverfisstofnun bendir á að ef rask verður á svæðum sem njóta verndar þá telji hún mikilvægt að rökstuðningur þess efnis komi fram í tillögunni auk þess að hverjar mótvægisáðgerðir og hvernig vöktun verði háttað.

Ekki er fyrirhugað að raska svæðum sem njóta verndar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

Ekki er fyrirhugað að raska svæðum sem njóta verndar.

## 5. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, dags. 18. febrúar 2019

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.

## 6. Landgræðslan, dags. 18. febrúar 2019

Í kafla 4.1 Mótvægisáðgerðir kemur fram að græða "...skal upp jafnstórt svæði og það sem raskað er...". Í sambærilegum framkvæmdum er gjarnan gert ráð fyrir stærri uppgræðslum en sem svarar flatarmáls raskaðra svæða. Auk þess er litið svo á að frágangur þess raskaða sé eðlilegur hluti framkvæmdar en eiginlegar mótægisframkvæmdar þar til viðbótar. Til einföldunar er því er yfirleitt oft gert ráð fyrir að eiginlegar mótvægisáðgerðir fari fram á um þrefaldri stærð þess svæðis sem raskað er. Með þessu móti er reynt að koma til móts við tap

á jarðvegi og röskun á vatns- og næringarefnaferlum sem ekki verða endurheimtir nema á mjög löngum tíma og óvíst hvort þeir ná sambærilegum eiginleikum og virkni og fyrir rask.

Texta í mótvægisáðgerðum hefur verið breytt til samræmis við umsögn Landgræðslunnar.

7. Minjastofnun, dags. 26. febrúar 2019

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir en bendir á að taka þarf tillit til minja sem eru í grennd við efnistökusvæði og bendir að óheimilt sé að raska minjum og bendir á umsögn sína sem stofnunin veitti vegna mats á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.

Umsögn hefur ekki áhrif á tillöguna.

Gerðar eru smávægilegar lagfæringar á greinargerð m.t.t. umsagna, en þær gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á skipulagstillögunni.

Byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps tók tók málið fyrir á fundi 08.03 2019 , samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og vísaði lokaafgreiðslu til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og að hún verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar . Oddvita falið að afgreiða breytinguna skv.32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 4.7 í skipulagsreglugerð.

### 3. Verkefnalýsing Geitdalsvirkjunar, ósk Fljótshéraðs um umsögn Fljótshrepps.

Sveitarstjórn Fljótshrepps gerir ekki athugasemdir við verkefnalýsinguna.

Fundi slitið klukkan 17:35. Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)